

15. júní 2021

Til minnis

Eitt kort fyrir sundlaugar, menningarhús og bókasöfn á Höfuðborgarsvæðinu.

Í Reykjavík er það þannig að sama kortið er fyrir sundlaugar, Húsdýragarðinn og Ylströndina. Það er ekki mikið mál að bæta söfnunum inn í þetta kerfi en það er ekki útfært hvernig að bókasafnskortin og gestakortin koma inn í kerfið sem að Reykjavíkurborg er með.

Til þess að hægt sé að vera með eitt kerfi fyrir allar sundlaugar, menningarhús og bókasöfn á höfuðborgarsvæðinu:

- Allir verða að vera með sama kerfi
- Allir verða að vera með sömu gjaldskrá
- Allir verða að vera með sömu aldursmörkin í sund
- Þá þarf að útfæra reglur með aðgang fyrir íþróttafélög, frístundaheimili, skólasund og starfsmenn sveitarfélaga sem fá frítt í sund.

Það yrðu að vera mjög skýrar reglur allstaðar hvað má og hvað má ekki.

Það hefur verið áskorun að samræma allar reglur á milli starfstaða Reykjavíkurborgar til að hægt sé að halda þessu úti.

Það kæmu miklar áskoranir uppgjörlega við svona verkefni upp á að vera að bóka inn tekjur í mörg sveitarfélög.

Það munu koma upp fjölmargar áskoranir í þessu verkefni, en sú mesta verður eflaust að samrýma verklag á milli sveitarfélaga.

Gæta þarf að persónuverndarlöggjöf og afla heimild persónuverndar fyrir vinnslunni þar sem kortategundir yrðu aðgengilegar öllum starfsmönnum sveitafélaga. Starfsmenn annarra sveitafélaga myndu hafa upplýsingar um það hvaða einstaklingar eru á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg sem og þá sem eru atvinnulausir en fá kort hjá Reykjavíkurborg.

